líf og list



Umsjón: Magdalena Schram



Sviðsmynd úr „Þrihjólinu." T.v. Eggert, Guðrún, Gunnar og Viðar. (Mynd JA)

Utangarðsmenn í stórum heimi"

„Þetta er einkennandi fyrir verk Arrabals, því þarna fjallar hann um utangarðsmenn í stórum heimi," sagði Viðar Eggertsson en hann er einn leikaranna í uppsetningu Alþýðuleikhússins á „Þrihjólinu" eftir Fernando Arrabal.

Arrabal er ekki með öllu ókunnur Íslendingum, því ýms verka hans hafa verið sýnd hér áður, t.d. „Skemmtiferð á vígvöllinn" og „Steldu bara milljarði."

Eins og áður sagði greinir verkið frá utangarðsfólki, sem hefst við í skemmtigarði. Það lifir eftir allt öðrum reglum en venjulegt fólk og hefur sínar eigin skoðanir á lífinu, sem á stundum stangast á við viðtekn-ar siðferðisreglur og — venjur. Persónur „Þrihjólsins" eru eins og aðrar persónur Arrabals, fremur barnalegar og horfa á heiminn barnslegum augum. Það sem eðlilegt telst í lífinu verður þeim framandi, og vekur hjá þeim vissar spurningar...

Viðar sagði, að nafn verksins væri tilkomið vegna einnar persónunnar, sem hefði ofan af fyrir sér með því að hjóla með krakka um skemmtigarðinn á þrihjóli.

Leikendur er auk Viðars þau Gunnar Rafn Guðmundsson, Eggert Þorleifsson, Þröstur Guðbjartsson og Guðrún Gísladóttir. Grétar Reynisson sér um leikmynd og búninga, en Pétur Einarsson er leikstjóri.

Þrihjólið verður frumsýnt um miðjan ágúst, en fyrir þá sem ekki geta beðið, eru hafnar forsýningar. Sú fyrsta var á laugardaginn, en önnur verður á þriðjudagskvöld og sú þriðja á miðvikudagskvöld. Sýningarnar eru í Lindarbæ.

K.Þ.

LEIKFÉLAG AKUREYRAR Á FÖRUM

Leikfélag Akureyrar er nú á förum til Írlands með „Beðið eftir Godot" á Beckett Festival, sem þar verður haldið og hefst 31. júlí n.k.

Á hátíðinni verða eingöngu flutt verk eftir Beckett og standa vonir til, að hann sjálfur mæti á hátíðina, auk fjölda annarra nafntogaðra bókmenntamanna.

Hátíðin stendur í tíu daga og mun Leikfélag Akureyrar vera með tvær sýningar þar ytra, en „Beðið eftir Godot" er eitt aðalverka Becketts.

— K.Þ.

Ameríska kvikmyndavikan

Dagskráin í dag:
Kl. 3 og 5 **The Wobblies** (Óróagemsar). (1979) Framleiðandi/stjórn/klipping: Stewart Bird, Deborah Shaffer. Heimildarkvikmynd um IWW, Industrial Workers of the World, sem unnu brautryðjendastarf í baráttu verkalýðs Bandaríkjanna.
Kl. 7 og 9: **America Lost and Found** (Glötuð og heimt) 1980. Framleiðandi/stjórn: Tom Johnson, Lance Bird. Áratugurinn 1930—'40 í Ameríku.
Kl. 11: **Harlan County USA** (1977)



Ullmann og Bergmann í hlutverkum sínum í Haustsónötunni.

Haustsónata Bergmans

– í Laugarásbíói

Í dag hefjast í Laugarásbíói sýningar á kvikmyndinni Höstsonaten — Haustsónatan eftir Ingmar Bergman. Með aðalhlutverk í myndinni fara þær Liv Ullmann og Ingrid Bergmann. Kvikmyndataka: Sven Nykvist.

Kvikmyndin Haustsónatan segir frá heimsfrægum pianóleikara, Charlotte (Ingrid Bergmann), sem hverfur á vit dóttur sinnar, Liv Ullmann, þegar ástvinur hennar deyr. Dóttirin er prestfrú úti á landi í Noregi — móðirin er lífsvön heimsdama. Myndin lýsir dögum, sem móðirin býr hjá dótturinni, sambandi þeirra við hvor aðra og um heiminn. Leikur Ingrid Bergmann hefur verið mjög rómaður í þessari mynd og raunar má vart á milli sjá hvor stendur sig betur, Liv eða Ingrid, en þær eru á tjaldinu nær allan tímann. Myndin er löng og áhrifamikil og óhætt að mæla með henni við þá, sem hafa áhuga á mannlegum samskiptum, tilfinningum og frábærum leik.

Ms

Sigfús Halldórsson opnar málverkasýningu á laugardag:

„Vona að borgarbúar kunni að meta þetta"

„Þetta verður þriðja sýningin, sem ég held, þar sem eingöngu verða sýndar myndir frá Reykjavík, þ.e.a.s. þetta verður n.k. Reykjavíkursýning," sagði Sigfús Halldórsson, málari með meiru, en 2. ágúst n.k. opnar hann málverkasýningu í Kjarvalssal á Kjarvalsstöðum.

Þema sýningarinnar, ef svo má að orði komast, er miðbærinn. Þetta eru 84 myndir, 52 þeirra eru til sölu, en hinar eru í einkaeign. Þær, sem eru til sölu, hafa verið málaðar á s.l. tveimur árum. Flestar myndanna á sýningunni eru vatnslitamyndir og yrkisefnið ýmist umhverfið eða mannlífið. Fáar myndanna hafa verið sýndar áður. Ein myndin hefur þó þá sérstöðu að hafa verið á hinum Reykjavíkursýningunum einnig, en það er mynd af Vilhjálmi frá Skáholti, sem hvatti Sigfús með ráðum og dáð til að efna til þessara Reykjavíkursýninga. Sú mynd verður því n.k. heiðursmynd sýningarinnar.

„Þegar ég mála, fer ég venjulega á staðinn nokkrum sinnum og rissa upp", sagði Sigfús aðspurður um vinnuaðferðir sínar. „Umferð og fólk háir mér þar engan veginn, því oftlega fæ ég mjög gagnlegar upplýsingar frá fólki sem stoppar til að spjalla við mig."

En hvers vegna þessi áhugi á Reykjavík?

„Ja, ég er fæddur fyrir austan læk í Reykjavík eða nánar tiltekið á Valssvæðinu, og mestan hluta ævi minnar bjó ég þar og geri reyndar enn, þótt ég hafi flutt fyrir 17 árum í Kópavoginn, því hann er nánast á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Áhugann á umhverfinu held ég, að ég hafi fengið, þegar ég sem unglingur fékk strák frá Ísafirði í heimsókn. Hann var með lista yfir ýmislegt, sem hann vildi sjá í Reykjavík. Eitt af því var styttan af Jónasi Hallgrímssyni en það versta var, að ég var alls ekki klár á því, hvort hún væri við Lækjargötu eða einhvers staðar annars staðar, þótt ég gengi þarna um mörgum sinnum á dag. Svo það var lítið sofið í mínu rúmi þá nótt! Þetta er dæmi um það að deyja í sínu eigin umhverfi, þ.e.a.s. að hætta að taka eftir því, sem er í kringum mann."



Sigfús með nokkrar mynda sinna, sem til sölu verða á sýningunni. (Myndir JA).

„Svo við víkjum aftur að sýningunni, þá fléttast inn í hana bæði afmæli Reykjavíkurborgar þann 18. ágúst svo og sextugs afmæli mitt um mánaðamótin ágúst-september. Sýningin verður því einnig krydduð með músík, ekki síst vegna þessara tilefna. Ég mun spila eitthvað sjálfur, en einnig fá Guðmund Guðjónsson til liðs við mig og m.a. mun hann syngja við opnunina."

Og eitthvað að lokum?

„Ja, ekki nema það, að ég vona að borgarbúar kunni að meta þetta."

— K.Þ.